

Nr. 130 / 09 Stefán Rögnvaldsson HU 345***Fær veiðarfæri í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 616
Smíðaður: Travemunde Þískalandi 1960, eik
Stærð: 68,4brl. 73 bt.
Mesta lengd: 23,86 m Skráð lengd: 21,78 m
Breidd: 5,41 m Dýpt: 2,8 m
Vél: Caterpillar 370 kW 1988
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:
Gögn RNS



Stefán Rögnvaldsson ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. nóvember var Stefán Rögnvaldsson HU 345 á dragnótarveiðum um 2 sml. vestur af Skagaströnd. Veður: Logn.

Verið var að hífa dragnótina á bakborðstóginu því festing á stjórnborðstógi hafði slitnað. Við hífinguna dróst skipið aftur á bak og þegar skipstjóri kúplaði að skrúfu til að stöðva skriðið kom nótin upp og pokinn lenti í skrúfunni. Það var björgunarskipið Húnabjörg sem dró bátinn til hafnar á Skagaströnd.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar híft var í leiðara stjórnborðstógs slitnaði hann svo tógið rann í sjóinn;
- að sögn skipstjóra kölluðu skipverjar til hans um leið og hann kúplaði inn að það væri ekki klárt en í því greip skrúfan netið;
- að skipstjóri taldi að skemmd hafi verið komin í leiðarann. Efnið í leiðaranum var orðið mjög velkt og marið af því að pressast alltaf undir dragnórtartóginu á tromlunni.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var ótímabær innkúplun skrúfu.